



KENNARASAMBAND Íslands
Laufásvegi 81 • IS-101 Reykjavík • Sími 595 1111 • Fax 595 1112
ki@ki.is • www.ki.is

Umsögn um frumvarp

Umsögn um

413. mál, lagafrumvarp

149. löggjafarþing 2018–2019.

Í ákvæðum til bráðabirgða stendur:

„ Þrátt fyrir ákvæði laga þessara um að ráðherra sem fer með starfsmannamál sé heimilt að hækka laun 1. janúar ár hvert skal hann ekki beita þessari heimild fyrr en í fyrsta lagi 1. janúar 2020.“

Það hefur verið skilningur margra að þessu ákvæði sé ætlað að koma til móts við gagnrýni á verulegar hækkanir innan sumra þeirra hópa sem lagafrumvarpið nær til með frystingu launa þeirra út árið 2019.

Á öðrum stað stendur:

„Með þessu er lagt til að laun geti hækkað tvisvar á ári svo að launahækkanir þessara aðila verði jafnari og nær almennri þróun kjaramála í tíma en ef hækkinin yrði aðeins einu sinni á ári.“

Í ljósi þess síðarnefnda er bráðabirgðarákvæðið tilgangslítið og tryggir ekki þá frystingu sem upp er lagt með. Ef lagt er út í lagabreytingar með það að markmiði að vinna að sátt um fyrirkomulag launa þingmanna, ráðherra og fleiri er mikilvægt að öllum vafa sé eytt og tryggt að þessir hópar fái ekki nánast sjálfkrafa allar kjarabætur sem aðrir hópar kunna að sækja á árinu 2019.

Kennarasamband Íslands telur að tryggja verði að frysting launa standi a.m.k. út árið 2019.

Virðingarfyllt,

Ragnar Þór Pétursson

formaður